

AUGLÝSING um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Uglugata 40-46.

Breytingin felst í því að á lóðinni verði 6 raðhús á tveimur hæðum án bílageymslu. Byggingarreit er breytt til samræmis við fjölgun íbúða og rými aukið á norðurlóð til að fella aðkomu húsanna betur að hæðarlegu lóðarinnar. Bílastæði verði 16 talsins.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. júlí 2018,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2018